

# Námsgrein: Upplýsingatækni

## 5. bekkur

*Kennari:* Egill Páll Egilsson og Heiða Elín Aðalsteinsdóttir

*Tíma fjöldi á viku:* 1 klst. á viku.

*Kennsluaðferðir og skipulag:* símat/leiðsagnarnám

*Námsmat:* Símat/Leiðsagnarmat. Nemendur fá endurgjöf í allri verkefna vinnu og tækifæri til að bæta sig í gegnum vinnuferlið.

### Grunnþættir menntunar

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar                                                                                                                                      |
|-------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Læsi                    | Að nemandi geti notað stafrænar upplýsingar á gagnrýnninn hátt, lesi og túlki einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar á skjá og í forritum.                              |
| Sjálfbærni              | Að nemandi noti tæki og tól á ábyrgan hátt og velti fyrir sér áhrifum tækninotkunar á umhverfi og samfélag.                                                             |
| Heilbrigði og velferð   | Að nemandi þekki mikilvægi þess að taka skjáhlé, huga að líkamsstöðu og vellíðan. Einnig að nemandi þekki reglur um örugga og heilbrigða netnotkun.                     |
| Lýðræði og mannréttindi | Að nemandi sýni virðingu í stafrænum samskiptum, þekki mikilvægi persónuverndar og rétt sinn til að tjá sig á netinu á ábyrgan hátt.                                    |
| Jafnrétti               | Að nemandi sýni virðingu í stafrænum samskiptum, þekki mikilvægi persónuverndar og rétt sinn til að tjá sig á netinu á ábyrgan hátt.                                    |
| Sköpun                  | Að nemandi noti stafræna tækni til að skapa einfaldar myndir, hreyfimyndir eða kynningar og nýti tæknina til að þróa eigin hugmyndir og miðla þeim á fjölbreyttan hátt. |

\*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

| Viðfangsefni             | Námsefni                                                                                           | Hæfniviðmið/ markmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Námsmat                                 |
|--------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| Upplýsinga- og miðlalæsi | Verkefni frá kennara; bókasafnsbingó, leitarvélaverkefni og fræðsla.                               | Nemandi getur:<br>-Nýtt skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju,<br>- nýtt leitarvél, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar,<br>- lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis,                                                                                                                                                                       | Verkefnavinna, kannanir, umræður.       |
| Sköpun og miðlun         | Einstaklings- og hópverkefni; Word, excel og Canva. Einföld hlaðvarpsgerð. Fingrasetningarforrit . | Nemandi getur:<br>- nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga,<br>- nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang,<br>- nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum,<br>- nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun,<br>- nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.                                                                                            | Verkefnavinna, umræður og jafningjamat. |
| Stafræn borgaravitund    | Fræðsla frá kennurum og umræður.                                                                   | Nemandi getur:<br>- hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma,<br>- gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti.<br>- nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti. | Þátttaka í umræðum.                     |
| Lausnaleit               | Vinnustöðvar undir handleiðslu kennara. Officeumhverfið, Osmo, Lego.                               | Nemandi getur:<br>- nýtt stafrænan stuðning í námi,<br>- flokkað og vistað gögn á öruggan hátt,<br>- nýtt mismunandi tegundir tölva, snjall-tækja og jaðartækja til menntunar,<br>- nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.                                                                                                                                                             | Þátttaka í vinnustöðvum, verkefnavinna. |